



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Álftaborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
2.1 Stjórnun	4
2.2 Uppeldis- og menntunarstarf.....	5
2.3 Starfsánægja	5
2.4 Samantekt og leiðir til úrbóta	7
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	7
4 Stjórnun - Innleiðing snerpusamtala heldur áfram	7
5 Innra mat	9
5.1 Seljaland 2023-2024	9
5.2 Hlíðarhvammur 2023-2024	13
5.3 Samstarf á milli Seljalands og Hlíðarhvamms	15
5.4 Merkisteinn	21
5.5 Lækjarhvammur	24
6 Innra mat sérkennslu.....	27
7 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	30
8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	31
9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	34
10 Foreldrasamvinna.....	34
11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	35
12 Fylgiskjöl.	35
12.1 10.1 Umsögn foreldraráðs	35
12.2 10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).....	35



Leiðarljós leikskólans:

„Að börnin njóti bernsku sinnar þar sem hugað er að vellíðan þeirra og öryggi“.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2023-2024 fór vel af stað og bættust tveir nýir starfsmenn í hópinn. Við vorum með fullskipað lið um haustið og gátum tekið inn öll börn sem höfðu fengið úthlutuðu plássi. Aðlögun hófst í ágúst og lauk í byrjun september. Í Álftaborg er stöðugur og frábær hópur starfsmanna sem býr yfir miklum mannauði, innri áhuga og fagmennsku sem litað er með gleði og umhyggju. Starfsmenn sinna starfi sínu af mikilli alúð. Við höfum unnið undanfarin ár að því að gera góðan skóla betri. M.a. með því að efla starfsmannahópinn, fagmennsku, sjálfbærni og tengingu við foreldra og börn af erlendum uppruna. Einnig höfum við unnið með traust í samskiptum og hefur það sannarlega skilað miklum árangri. Ein stærsta viðurkenning þess efnis var að lenda í öðru sæti í miðlungsstærð vinnustaða í „Fyrirmyndar stofnun ársins“ sem unnið var af Sameyki fyrir ríki, bæ og borg. Það fyllti mitt hjarta stolti og auðmýkt, það eru forréttindi að vinna með svona starfsmannahópi. Við fengum einnig viðurkenningu fyrir fyrstu tvö „Grænu skrefin“ í maí 2024 og erum langt komin með að klára seinni tvö.

Helstu áherslur skólans eru lífsleikni, vinaverkefni Barnaheilla, sjálfbærni, fjölmening, bókaormurinn, læsi, Lubbi finnur málbein, sköpun og nýtt verkefni sem við fórum af stað með síðasta haust sem heitir „Hver er lykillinn að hamingju barna“. Allar okkar áherslur miðast út frá hverjum aldri fyrir sig sem þróast áfram. Á hverju aldurskeiði bætist við þekking og er gaman að fylgjast með skrefunum sem verða í framförum barnanna.

Elstu börnin tóku þátt í Barnamenningarhátíð í Hörpu eins og undanfarin ár. Það er ólýsanlegt stolt og gleði sem snertir hjarta manns á þeim tímapunkti.

Vettvangsferðir eru órjúfanlegur þáttur í leikskólalífinu í Álftaborg, með allri þeirri fjölbreyttu menntun sem fer þar fram. Sjálfsprottinn leikur spilar stórt hlutverk í okkar starfi og fær að þróast á forsendum barnanna. Áhugi á sköpun hefur aukist svo um munar og afraksturinn núna í vor vakti mikla eftirtekt þar sem unnið var með verðlaust efni. Vináttan er stór þáttur í okkar samfélagi sem birtist m.a. í virðingu, samkennd, umhyggju og gleði. Börnin hafa verið að ræða um lýðræði, haldið fundi þar sem líðandi stund er rædd á þeirra forsendum og þau



taka einnig þátt í mati á starfi skólans. Við leggjum mikla áherslu á góð foreldrasamskipti og viljum að talað sé við okkur en ekki um okkur. Ég tel okkur hafa uppskorið eins og við sáðum. Við finnum það á þeirri viðurkenningu og hrósi sem við höfum fengið frá foreldrum. Við höfum leitað „lyklanna að hamingju barnanna“ með þátttöku þeirra, foreldra og starfsmanna. Það hefur verið yndislegt að sjá svör barnanna og túlkun þeirra á verkefninu. Hvað gerir þau hamingjusöm var ein spurning og kom ís sterkur þar inn, því settum við upp ísbúð á hamingjudeginum, því lík LUKKA, brosið fór ekki af börnunum þann daginn. Í janúar 2025 munum við sækja styrk fyrir verkefni sem ber heitið „Hver er lykillinn að hamingju barna“ sem kemur í heild sinni inn á þætti menntastefnunnar. Skólanámskrá skólans er í endurskoðun og er komin vel á veg. Uppkast af henni ásamt starfsáætlun skólans verður sent 1. júlí til Skóla- og frístundasviðs. Skólanámskrágerð verður lokið í desember 2024.

Samstarf foreldrafélags og foreldraráðs er okkur mikilvægt og hefur verið til mikils sóma. Ég vil þakka þeim fyrir góða vinnu sem þau hafa lagt í okkar starf.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Ytra mat leikskólans var að þessu sinni unnið af Sameyki sem sá um að kanna ákveðna þætti í stofnunum hjá ríki, bæ og borg. Þátttakendur voru spurðir um níu þætti í starfsumhverfi sínu, en þeir voru eftirfarandi: trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í starf, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja, stolt og jafnrétti. Markmiðið með að velja fyrirmyndarstofnanir er að hvetja stjórnendur til að huga að mannauðsmálum og auka umræðu um aðbúnað og líðan starfsfólks á vinnustöðum. Það er skemmst frá því að segja að Álftaborgin lenti í öðru sæti sem fyrirmyndarstarfsstaður í flokki meðalstórra stofnana. Þessa þætti verður unnið áfram með á næsta skólaári þar sem þetta eru þættir sem hafa mikil áhrif á líðan starfsmanna.

Álftaborg er með langtíma matsáætlun til fjögurra ára á innra mati. Þeir þættir sem metnir voru þetta skólaár eru eftirfarandi:

2.1 Stjórnun

Einkunnarorð leikskólans: **Virðing, gleði og umhyggja.**



Á starfsdegi í september rýndi starfsmannahópurinn í einkunnarorð skólans, umhyggja, gleði og virðing. Skipt var í hópa þvert á deildir. Markmiðið var að fá sameiginlega sýn á einkunnarorðin. Niðurstöður úr umræðuhópum voru sambærilegar milli hópanna. Virðing skal við höfð gagnvart öllum, börnum, samstarfsfólki og umhverfinu inni og úti. Kennarar og annað starfsfólk er fyrirmynd barnanna og læra börnin af þeim m.a, að sýna virðingu og setja mörk. Gleði er mikilvægur þáttur í að gera umhverfið gott þannig að við stuðlum af vellíðan allra í leikskólanum. Hún hefur einnig áhrif á hvort samskipti við börn og kennara/starfsfólk séu jákvæð. Þannig verður andrúmsloftið þægilegt og óþvingað. Hópurinn var sammála um að umhyggja sé mikilvægur þáttur í starfinu og nauðsynlegt að byrja daginn á að taka vel á móti börnunum. Kennarar / starfsmenn eiga sýna áhuga, hlusta á skoðanir og tillögur barnanna og mæta hverju barni á þeim forsendum. Einnig er mikilvægt að geta sett sig í spor barnanna og leggja sig fram við að skilja sjónarmið þeirra. Allt byrjar þetta með að kennarar/starfsmenn séu góðar fyrirmyndir.

2.2 Uppeldis- og menntunarstarf

Lýðræði, jafnrétti, þátttaka, velferð, hamingja og líðan barna var metið með skráningum í leik barna, samtölum við börnin og virkni þeirra á barnafundum ásamt samtölum við kennara /starfsmenn. Niðurstöður eru m.a að börnin koma með fleiri hugmyndir, ef þau eru meiri þátttakendur, að á þau sé hlustað. Þau verða ánægðari, öruggari og óhræddari við að segja sína skoðun. Börnin eru farin að geta sett orð á tilfinningar sínar sem er mjög mikilvægt. Vinátta hefur styrkst og börnin koma með skemmtilegar hugmyndir og eru orðin lausnamiðaðri. Þau eru viljugri til þátttöku þegar þau hafa áhrif á starfið. Mat kennara/starfsmanna er að jafnt og þétt séu börnin glaðari, áhugasamari og ófeimnari.

2.3 Starfsánægja

Niðurstöður úr **snerpusamtölum** varðandi starfsánægju sýna að kennurum finnst dásamlegt að koma í vinnuna, andinn sé góður og þeim líði vel. Hópurinn er jákvæður, góður, samheldinn, andrúmsloftið afslappað og gleði er ríkjandi. Samskiptin eru opin, hreinskiptin og samstarfsfólkið yndislegt sem vinnur vel saman og traust ríkir. Hlustað er á hugmyndir starfsmanna, tekið vel í þær og svigrúm fyrir að prófa sig áfram. Kennari sem byrjaði síðastliðið haust metur mikils hvað vel var tekið á móti honum í skólanum. Mörgum fannst tekið strax á málum sem upp koma, að það sé tekið samtal og unnið að lausnum.



Gott er að leita til leikskóla- og aðstoðarleikskólustjóra, þær eru tillitssamar, skilningsríkar, umburðarlyndar og traust er til staðar. Frábærir og glaðir stjórnendur og samskipti við þær opin, góð og heilbrigð. Stjórnendur gefa sér tíma til að fara í kaffi með starfsmönnum og það finnst starfsmönnum gott. Góður aðgangur er að stjórnendum og þeir hlusta. Einn starfsmaður sagðist aldrei hafa farið í svona samtöl og var mjög ánægður. Dásamleg samskipti við stjórnendur komu frá nokkrum starfsmönnum.

Spurningakönnun var lögð fyrir kennarana og starfsfólk þar sem spurt var um 4 þætti sem eru hér að neðan. Niðurstöður voru að 100% kennara og starfsfólks er ánægt eða mjög ánægt með kaffiaðstöðuna. 100% kennara og starfsfólk álítur að vinnustaðurinn sé traustur/mjög traustur. 90% sögðu að næsti yfirmaður væri sanngjarn/mjög sanngjarn. 100% segjast geta mælt með vinnustaðnum við vini.

Stjórnendur eru að innleiða snerpusamtöl sem samanstanda af fjórum stuttum samtölum yfir skólaárið. Í samtölunum eru teknir fyrir eftirfarandi þættir; starfsandi og samskipti, styrkleikar og hæfileikar, starfsþróun og skilvirkni. Stjórnendur fóru of seint af stað í haust og þess vegna var of þétt á milli samtala í öðrum hópnum og hjá hinum þurfti að taka tvö samtöl saman í staðinn fyrir eitt. Unnið verður áfram að því að festa snerpusamtöl í sessi næsta skólaár. Það verður gert með því að byrja fyrr og setja í vinnudagatal skólans. Starfsfólk var ánægt með þetta fyrirkomulag og fannst það vera í meiri tengslum við stjórnendur.

Viðtöl voru tekin við elsta árganginn þar sem m.a. var spurt hvað væri skemmtilegast í leikskólanum. Svörin voru margvísleg eins og leika við vini, kubba, spila, skrifstofu- og símadótið, fara í salinn og leika með mjúku kubbana, knúsa vini, leika með bíla og dúkkur, lita, perla, baka, fara í fótbolta, stóra val/stöðvar, leika úti, leika með bangsa og leira. Það sem ekki er skemmtilegt er þegar einhver meiðir, stríðir og truflar. Einu barni fannst samvera ekki skemmtileg. Þegar spurt var hvað börnunum fannst vanta í leikskólann komu krítar og kústar nokkrum sinnum upp. Nokkur börn nefndu að það vantaði atburði eins og bangsa- og náttfatadaga oftast og fara oftast á fótboltavöllinn hjá Víkingi. Einu barn fannst vanta meira frelsi í að velja ef maður vill ekki gera eins og hinir. Hvað hefur þú lært í leikskólanum? Svörin við þessari spurningu voru margvísleg; allt frá „allt“ yfir í „ekkert.“ Nokkur börn nefndu eitthvað stærðfræði tengt, „að gera plús,“ og eitthvað tengt læsi, „skrifa nafnið mitt,“ og svo



nefndu einhver „að vera glöð“, „sitja kyrr“, „baka, leika mér ein, hlýða kennaranum og barnasáttmálinn.“

2.4 Samantekt og leiðir til úrbóta

Það að börnin nefna félagslegt samhengi í tengslum við líðan sýnir okkur enn og aftur mikilvægi þess að vinna með félagsfærni og samskipti. Leikur og góð líðan eru líka tvær hliðar á sama peningi, enda sjáum við hvernig tjáning og félagsfærni eykst gegnum nægan sjálfsprottinn leik og meiri samleikur kemur með aukinni félagsfærni og tjáningu.

Mikilvægt er að koma til móts við börnin eins og kostur er og var strax farið að kaupa krítar og kústa. Viðburðir hafa verið reglulegir og fjölbreyttir í Álftaborg og við sjáum í viðtölunum að börnin njóta þeirra. Fleiri ferðir verða skipulagðar á fótboltavöllinn á næsta skólaári.

Tvennt var nefnt sem veldur umhugsun; að samvera sé ekki skemmtileg og að það vanti meira frelsi fyrir börnin. Það er þá tilefni til að skoða hvað er hægt að gera betur, ef til vill mætti skipta samverunni oftar upp þannig að við sjáum að öll börnin geti notið sín. Frelsi barnanna sjáum við í frjálsa leiknum og þau fá tækifæri til að velja hvað er í boði í vali.

3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

4 Stjórnun - Innleiðing snerpusamtala heldur áfram	
Tækifæri til umbóta	Stjórnendur séu í meiri tengslum við starfsmenn.
Aðgerðir til umbóta	Stjórnendur taka fjögur samtöl við starfsmenn yfir skólaárið
Tímaáætlun og hvernig metið	Allt skólaárið 2024 – 2025. Metið í samtölum við starfsmenn.
Ábyrgðaraðili	Stjórnendur.
Viðmið um árangur	Snerpusamtöl hafi fests í sessi og stjórnendur séu í meiri samskiptum við starfsmenn.
Stjórnun – Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu	
Tækifæri til umbóta	Auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans.
Aðgerðir til umbóta	Kaffihúsafundir að hausti og vori.
Tímaáætlun – hvernig metið	Allt skólaárið 2024 – 2025.



	Könnun til foreldra eftir hvorn fund.
Ábyrgðaraðili	Stjórnendur, matsteymi og deildarstjórar.
Viðmið um árangur	Að foreldrar finni að þeir séu velkomnir og mikilvægir í leikskólastarfinu og hafi meiri áhuga á að taka þátt.
Uppeldis- og menntunarstarf – skipulag náms og námsaðstæður og námssvið leikskólans	
Tækifæri til umbóta	Auka velferð og nám barna.
Aðgerðir til umbóta	Dagsskipulag og umhverfi endurskoðað og endurskipulagt
Tímaáætlun – hvernig metið	Allt skólaárið 2024 – 2025. Símat á deildarfundum, samtöl við börnin og rýnihópar barna.
Ábyrgðaraðili	Deildastjórar, matsteymi og starfsmenn deilda.
Viðmið um árangur	Bætt dagsskipulag og námsumhverfi styðji við þroska og nám barna.
Mannauður/leikskólabragur – Leikskólaþróun /Starfsþróun	
Tækifæri til umbóta	Auka faglega þekkingu starfsmanna enn meir
Aðgerðir til umbóta	Allir starfsmenn taki eitt námskeið að eigin vali fyrir utan leikskólann og séu virkir á Torginu.
Tímaáætlun og hvernig metið	Allt skólaárið 2024 – 2025. Starfsmenn haldi utan um sína endurmenntun og skili til stjórnenda á vordögum.
Ábyrgðaraðili	Stjórnendur – matsteymi.
Viðmið um árangur	Allir starfsmenn hafi tekið eitt námskeið að eigin vali og skyldu námskeið á Torginu.
Innra mat – langtíma matsáætlun	
Tækifæri til umbóta	Innra mat verði samofið daglegu starfi leikskólans.
Aðgerðir til umbóta	Mat á starfinu festist í sessi.



Tímaáætlun – hvernig metið	2023 - 2027. Gátlistar, umræður og kannanir.
Ábyrgðaraðili	Matsteymi og stjórnendur.
Viðmið um árangur	Á hverju ári eru ákveðnir þættir metnir.

5 Innra mat

Hér á eftir koma umsagnir og umbótaráætlun frá hverri deild.

5.1 Seljaland 2023-2024

Læsi

Aðra hverja viku fórum við í gönguferðir á bókasafnið í Kringlunni þar sem börnin fóru í sögustundir ásamt því að sækja bækur fyrir leikskólann. Einnig pöntuðum við aukalega sögustundir á bókasafninu í Grófinni.

Mikill áhugi var á lestri og sóttu börnin sér reglulega bækur og bæklinga til þess að skoða sjálf eða biðja um að láta lesa fyrir sig. Í hópastarfinu var unnið með sögugerð t.d. með sögugrunni, fingrabrúðum, skugga leikhús og fl. Einnig var áhersla á að börnin tjáðu sig gegnum ljóðagerð, þulur og leikritagerð. Börnin höfðu greiðan aðgang að bókum, stöfum, formum og öllum skrif færum. Daglega var lesið fyrir börnin. Á deildinni var unnið með orða leiki eins og rím, atkvæðaklapp, samsett orð og orðhlutaeyðing. Börnin höfðu alltaf aðgengi að fjölbreyttum spilum. Samræður við börnin voru daglega í samverustundum, við matarborðið og í sjálfsprottnum leik. Til að börnin fái sem mest úr samverum er í raun nauðsynlegt að skipta hópnum í tvennt (jafnvel þrennt) til að minnka áreiti. Þá gætu börnunum líðið betur og yrðu þá mögulega enn áhugasamari.

Flestir hlutir á deildinni voru merktir með orðum og eins voru nöfn barnanna aðgengileg á deildinni. Unnið var með eina bók yfir veturinn og út frá henni voru unnin ýmiskonar þemaverkefni. Bókin fór heim með börnunum og var verkefnið kynnt fyrir foreldrum. Daglega fengu Tvítyngd börn/ börn með annað tungumál auka vinnustundir. Heilt yfir gekk þetta vel hjá okkur en við tókum eftir því að börnin sem eru tvítyngd áttu erfiðara með að



halda athygli þegar einföld bók var lesin eða spilað. Það hefði klárlega mátt vera fleiri stundir þar sem færri tvítyngd börn eru í hóp og fá tækifæri til að læra málið. Ef málörvun tvítyngdra barnanna hefði farið fram í hádeginu í minni hópum þegar samverustundin var hefði það jafnvel virkað betur.

Með bangsanum Blæ og dygðanámi leikskólans lærðu börnin tilfinningalæsi og að lesa í aðstæður sem fléttast inn í allt starf. Lubba-stundir voru fastur liður í hverri viku. Við sáum framfarir og aukinn áhuga í stundunum hjá börnunum. Vinnan með Lubba var tengd inn í allt starf á deildinni og það gekk vel. Þessi árgangur hefur kynnst Lubba frá yngri deildum (fyrsta sinn í þessum leikskóla) og við sáum vel að sú vinna skilar sér í auknum áhuga og góðum grunni. Börnin unnu margs kyns verkefni, fóru í Lubba-leiki, skrifuðu stafina og lærðu að setja saman hljóð til að mynda stutt orð. Við tengdum Lubba við útinám þar sem við notuðum stafamottu og myndir af hlutum/stöfum og pöruðum saman. Einnig vorum við með nokkrar útfærslur af bingó; myndir af litlum stöfum og börnin áttu að finna og para saman við stóru stafina. Í annarri útfærslu áttu börnin að para myndir af ýmsum hlutum við fyrsta stafinn í orðinu og leggja myndina af hlutnum á viðeigandi staf. Þar sem við vorum úti í náttúrunni var tilvalið að nýta sér náttúrulegan efnivið til að mynda stafi. Börnin lærðu fyrstu þrep máhljóðanna og færðu sig þaðan á næsta stig þegar þau voru farin að átta sig á hvaða máhljóði orð byrja á. Í samverustundum var stundum unnið með forritið *Lærum og leikum með hljóðin* og það heppnaðist vel þar sem mikill áhugi var á að læra máhljóðin og skiptast á í leikjum.

Tækifæri til umbóta: Vera með fleiri Lubba-stundir úti og leggja þá áherslu á að finna hluti í náttúrunni sem byrja á ákveðnum bókstaf. Einn ókostur við Lubba-stundir í útinámi er hversu mikil áhrif veðrið hefur á gæði stundanna. Annars tókum við eftir því að við náum athygli barnanna vel með að blanda útináminu og Lubba saman. Stafabingóið og stafamottan vakti mikla lukku og öll börnin nutu sín vel.

Víkingssalurinn nýttist vel til Lubbastunda þar sem við útfærðum útináms hugmyndirnar þar. Styrkleikar við Lubbastundirnar í Víkingssalnum og úti er að hreyfing gagnaðist mörgum börnum vel til náms. Flest börnin þekkja stafina vel og eru með hljóðin á hreinu. Hins vegar eru sum börn sem ekki ná að tileinka sér hljóð stafanna í Lubba stundum inni. **Tækifæri til**



umbóta: Mörg börn eru með mikla hreyfigetu og því gagnast betur að læra hljóð stafanna í útinámi og í gegnum sjálfsprottinn leik.

Í vetur vaknaði mikill áhugi á leiklist hjá nokkrum börnum. Þau byrjuðu á að leika eftir sögum sem þau þekktu vel, eins og t.d. Búkolla og Geiturnar þrjár, sem þróuðust í að börnin fóru að sýna frumsamin leikrit og nýttu sér fjölbreyttan efnivið í þá gerð. Fleiri verkefni sem efla læsi, tengsl við bækur og sögur eru verkefni, „*Bókin heim og bókabarn og Dyggur*“ sem fer í helgarheimsókn með börnunum.

Tækifæri til umbóta: að vinna þemavinnu upp úr bókinni sem fer heim. Vinna með loð töflu sögur og skuggaleikhús sem hvetja börnin áfram í góðum leik og hegðun. Efla sögugerð hjá börnunum og að þau taki meiri þátt í samveru-og sögustundum.

Umhverfislæsi; vera læs á umhverfið sitt er einn þáttur læsis. Börnin fá m.a fræðslu frá Umferðarskólanum og í gönguferðum. Börnin læra að fara eftir umferðarreglunum, hvar má ganga yfir götuna, athuga hvort að bílar eru bílar að koma, læra að bíða, hlusta og horfa. Í gönguferðum læra þau einnig að vera í röð, gæta þess að vera inni í röðinni og taka tillit til allra. Þessir þættir hafa gengið vel.

Barnasáttmálinn

Markmiðið var að börnin yrðu meðvituð um réttindi sín samkvæmt barnasáttmálanum. Við unnum með greinar 12, 13 og 14 almennt inn á deildinni og í gegnum hópastarf greinar 2, 3, 24, 26 og 27. Börnin fengu tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku í starfinu. Velja sögu í samverustund, svæði í vali og höfðu meira að segja um daglegt starf. Unnið var markvisst með þessa greinar yfir árið og um jólin kynntum við verkefnið „Jól í skókassa“. Það verkefni gekk vel og við munum taka aftur þátt í því en næst ætlum við að senda póst á foreldra og halda þeim upplýstum um verkefnið, hvað það gengur út á, hvað er í pakknum og hvert hann fer. Þá geta foreldrar og börn tekið þátt með okkur og valið hvaða hluti þau vilja gefa í pakkann. Við hefðum þurft að gera það fyrr þetta skólaár þar sem foreldrar vissu í raun ekki um verkefnið fyrr en eftir að við sendum pakkann af stað. Börnin hafi lært að nota eigin rödd og vita að þau geta haft áhrif á skipulag starfsins. Börnin koma með hugmyndir og finna að þau geta sagt sína skoðun.



Hlutverk vinnunnar í tengslum við Barnasáttmálann er að auka áhuga barnanna á að heyra um réttindi sín en við þurfum að meta betur hversu meðvituð þau eru í raun og hversu vel þau þekkja einstakar greinar Barnasáttmálans. Við getum metið það með samtölum við börnin og umræðum t.d. í samveru og hópstarfi. Vinnan með Barnasáttmálann var lærdómsferli, líka hjá starfsfólki. Þannig að þetta verkefni verður í þróun og stöðugu endurmati. Vinna með Barnasáttmálann hefði mátt vera meiri og markvissari hjá okkur.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram að ræða réttindi barna í samverustundum. Meta vinnuna með samtölum við börnin og rýnihópum barna. Kynna UNICEF fyrir börnunum og fá fræðslu frá UNICEF.

Hamingja barna

Markmið var að sjá hvað í umhverfi barna og umgjörð starfsins eykur hamingju þeirra. Við lögðum áherslu á jákvæð samskipti og virka hlustun og að hjálpa þeim að vera í takt við eigin tilfinningar og skilja þær betur. Einnig var mikilvægt að börnunum líði vel í leikskólanum og upplifi að þau geti tjáð sig um líðan sína og samskipti séu góð milli barna, foreldra og kennara/starfsfólks. Þegar við nýtum svæðin í leikskólanum eru þægilegri aðstæður til leiks fyrir börnin í minni hópum og þar af leiðandi líður börnunum oft betur. Hamingjudagurinn í mars gekk mjög vel og við upplifðum að börnin væru ánægð og hefðu gaman af þessu.

Tækifæri til umbóta er til dæmis að bjóða upp á fjölbreytt verkefni og ýta undir skapandi leik. Þegar börnin fá tíma til að leika líður þeim betur og eru í betra flæði. Halda áfram að skapa tækifæri fyrir börnin til að koma með hugmyndir og vera skapandi; búa til leikrit, dansa, syngja, tjá sig í samverustundum og svo framvegis.





5.2 Hlíðarhvammur 2023-2024

Börnin voru ný á deildinni í vetur og komu frá þremur deildum ásamt því að nokkur bættust ný í hópinn sem komu annars staðar frá. Það tók tíma að fá hópinn til að kynnst, tengjast börnunum og foreldrahópnum. Þau þurftu tíma til þess að aðlagast hvort öðru og læra á skipulag deildarinnar, kynnst hópastarfi og taka aukna ábyrgð á sjálfum sér.

Kennarar og starfsfólk tóku eftir miklum breytingum eftir áramót og var hópurinn orðin samstilltur. Börnin höfðu þroskast og lært mikið og eins höfðum við kennarar og starfsfólk komið upp góðri rúttínu á deildinni. Okkur gekk vel að halda hópastarfi allan veturinn, farið var í ýmiskonar ferðir og unnið fjölbreytt starf.

Í starfsáætlun síðasta árs settum við fram þrjá megin þætti til þess að vinna með en þeir voru læsi, barnasáttmálinn (lýðræði) og hamingjuverkefni („lykillinn að hamingju barna“). Okkur gekk mjög vel að vinna þessa þætti og tengja heimili og leikskóla saman í þeirri vinnu. Foreldrar voru vel meðvitaðir um hamingjuverkefnið og tóku virkan þátt með ýmiskonar „heimaverkefnum“.

Læsi

Þetta skólaár hefur aukin áhersla verið á læsi og kom Lubbi þar sterkur inn, enda Lubba stundir fastur liður í starfinu. Okkur gekk vel að vinna með umbótaþætti læsis fyrir þetta skólaár, en sjáum þó tækifæri til umbóta, sérstaklega á sviði aukins orðaforða og sjálfstæðis

t.d. með að innleiða stjórnun vikunnar og hlutverk og ábyrgð barnanna í samverustundum. Eins að fara í samvinnu við foreldra um að auka orðaforða og lesskilning barnanna.

Barnamáttmálinn (Lýðræði):

Bæði leikskólinn og deildin okkar vinna út frá sérstökum gildum og dygðum sem eru að einhverju leyti byggð á Barnasáttmálanum. Við töluðum saman um Barnasáttmálann, hvað réttindi væru og til hvers við værum með sáttmálann. Við ákváðum að vinna aðallega út frá greinum 2, 3, 6 og 12 sem eru megin þættir sáttmálans. Veggspjöld tengd sáttmálanum voru sýnileg á deildinni og sköpuðust umræður um hann. Lýðræði hefur verið stór þáttur í starfi deildarinnar og tóku börnin fullan þátt í skipulagningu starfsins. Raddir barnanna fengu að njóta sín og kennararnir og starfsmenn unnu út frá hugmyndum þeirra. Bæði fengu börnin að skipuleggja hópastarf, frjálst val og samverustundir. Börnin völdu þær bækur sem voru lesnar og myndir sem horft var á. Börnin komu sér saman um ýmsa þætti eins og verðlaun með lýðræðislegum kosningum. Bangsinn Blær kemur inn á barnasáttmálann og ýmis mikilvæg gildi. Við höfum heyrt frá foreldrum að börnin hafi að rætt um sáttmálann heima fyrir sem er mjög jákvætt.

Vinnan með barnasáttmálann gekk ekki eins vel og við höfðum reiknað með, en gildi hans voru þó rauður þráður í starfinu. Við erum enn þá að leita leiða til þess að vinna hann betur og erum að prófa okkur áfram á ýmsan hátt. Við munum halda þessari vinnu áfram næsta skólaár og leita leiða til þess að festa vinnuna í sessi á deildinni. Þar sem við munum halda áfram að vinna með sama barnahópinn næsta vetur (auk barna frá yngri deildum sem hafa einnig kynnst sáttmálanum) þá teljum við að hægt verði að byggja ofan á þá þekkingu sem nú þegar er til staðar og fara dýpra í hugmyndir sáttmálans. Hugmyndir að vinnu eru til að mynda að:

- virkja foreldra enn frekar.
- leita nýrra leiða til þess að kynna sáttmálann fyrir börnunum á einfaldan hátt sem getur skapað góðar umræður.
- sýna ýmis myndbönd og lesa dæmisögur tengda sáttmálanum.

Lykillinn að hamingju barna:



Hamingjuverkefnið fór mjög vel af stað hjá okkur og passaði verkefnið einnig vel við dyggðir leikskólans þar sem áhersla er lögð á gleði. Börnin tengdu því verkefnið um hamingju vel við gleðina og var hún allsráðandi.

Viðtöl voru tekin við börnin um hamingju og ýmis verkefni voru unnin, t.d. í sköpun. Börnin fengu tækifæri til þess að tjá hamingju og gleði með orðum, en einnig í gengum sköpun og tjáningu. Gott foreldrasamstarf hefur verið og hafa foreldrar verið mjög virkir og áhugasamir um verkefnið. T.d. fengu foreldrar það verkefni að teikna hendurnar á fjölskyldunni og bjuggum við þannig til fallega hamingjusól deildarinnar. Einnig fengu þau heimaverkefni þar sem að fjölskyldan ræddi saman um hamingjuna og teiknaði myndir saman. Haldið var hátíðlega upp á hamingjudaginn með ýmiskonar viðburðum sem heppnaðist frábærlega. Börnin eru alla jafna glöð og hamingjusöm og virk í starfi deildarinnar. Við höfum talað um tilfinningar á deildinni í vetur og hefur bangsinn Blær hjálpað okkur í þeirri vinnu. Börnin eru orðin meðvituð um hamingjuna og þær tilfinningar sem henni fylgja. Okkur gekk vel að vinna með verkefnið, fengum foreldra í lið með okkur og börnin nutu sín. Börnunum hefur liðið vel á deildinni í vetur og hafa foreldrar einnig látið ánægju sína í ljós og hrósað starfinu.



5.3 Samstarf á milli Seljalands og Hlíðarhvamms

Næsta skólaár, 2024 - 2025, verða sömu árgangar á Seljalandi og Hlíðarhvammi, börn fædd 2019 og 2020. Því verður um samstarf að ræða á milli deildanna. Ákveðið hefur verið að vinna með eftirtalda umbótaþætti.

- Sköpun
- Barnasáttmálinn (lýðræði)
- Lykillinn að hamingju barna



Í töflunni hér á eftir hafa þessir þættir verið settir fram, hvernig vinna eigi með þá, hvernig þeir verða metnir og hver viðmið okkar um árangur sé. Umbótaþættirnir eru sameiginleg markmið deildanna fyrir skólaárið.

Sköpun	
Tækifæri til umbóta	Efla skapandi hugsun barnanna, leita nýrra leiða við sköpun og nýta fjölbreyttan og opinn efnivið enn frekar. Gefa börnum nægan tíma og næði við sköpunina. Sjá sköpun í ólíkum aðstæðum og með opnum huga, börn nálgast verkefnið með ólíkum hætti. Efla skapandi hugsun í leikrita-, sögu-, og ljóðagerð, ásamt hreyfingu og dansi.
Aðgerðir til umbóta	Börnin prófi sig áfram og efniviður sé aðgengilegur og verkefnið fjölbreytt. Áhersla sé jafn mikil á ferlið og útkomuna. Tengja sköpun við alla þætti starfsins, íþróttir, Blæ, samverur og fl. Styrkja áhuga barnanna og frumkvæði. Virkja alla starfsmenn og börn til þess að taka þátt í að koma með fjölbreyttar og nýjar hugmyndir. Grípa áhuga barnanna og þróa hugmyndir þeirra áfram. Hafa gott rými og tíma fyrir sjálfsprottinn leik þar sem sköpun fær notið sín.
Tímaáætlun Hvernig metið/aðferðir?	Allt skólaárið 2024 – 2025. Árangur verður metinn með áhorfi og skráningum kennara og fylgst verður með þróun á verkefnum barnanna og áhuga. Reglulegir deildarfundir verða haldnir og skráningar gerðar jafnt og þétt yfir veturinn.
Ábyrgðaraðili	Deildastjórar og allir starfsmenn deildanna.
Viðmið um árangur	Að skapandi hugsun hafi eflst hjá bæði börnum, kennurum og starfsfólki og að áhugi á sköpun



	<p>hafi aukist. Að börnin séu óhrædd að prófa sig áfram og fylgja eigin sannfæringu. Að fjölbreyttum aðferðum hafi verið beitt yfir árið til þess að virkja sköpunarkraft barnanna og börnin sýni frumkvæði.</p>
<p>Barnasáttmálinn (Lýðræði)</p>	
Tækifæri til umbóta	<p>Byggja ofan á þá vinnu sem byrjaði var á síðasta skólaári og fara dýpra í einstaka þætti sáttmálans. Gefa vinnunni tengda barnasáttmálanum meira rými, t.d. í hópstarfi, og leita nýrra leiða til þess að ná til barnanna og fanga áhuga þeirra. Ná að tengja þætti sáttmálans við okkar daglega líf og skapa umræður. Kynna UNICEF fyrir börnunum.</p>
Aðgerðir til umbóta	<p>Nýta fjölbreyttar kennsluáferðir líkt og bækur, sköpun, myndbönd og vettvangsferðir í kennslu til þess að ná til sem flestra og auka áhuga barnanna. Læra af öðrum (deildum/skólum/leikskólum) hvernig vinna má með barnasáttmálann.</p> <p>Tilvalið að taka þátt í verkefninu „Jól í skókassa“ og tengja það bæði sáttmálanum og samvinnu við foreldra.</p> <p>Hugmynd að hafa kröfugöngu með börnum þar sem þau geta látið skoðanir sínar í ljós.</p> <p>Leggjum sérstaka áherslu á markmið 2, 3, 6 og 12 (fyrir yngri hóp) og bætum markmiðum 13, 14, 24, 26 og 27 fyrir eldri hóp. Vera þó opin fyrir því að taka fyrir fleiri markmið eftir því sem hentar eða vekur áhuga.</p> <p>Tengja Barnasáttmálann við starfsemi UNICEF og jafnvel fá fræðslu frá þeim og kíkja í heimsókn í höfuðstöðvar þeirra.</p>



Tímaáætlun	<p>Allt skólaárið 2024 – 2025.</p> <p>Árangur verður metinn með rýnihópum barna og samtölum við börn. Fylgst verður með samskiptum og leikjum barna og skráningar gerðar. Reglulegir deildarfundir þar sem farið er yfir stöðuna hverju sinni og gengið úr skugga um það hvort lýðræði ríki á deildinni, hvort raddir allra barna fái að njóta sín og að börnin séu virkir þátttakendur.</p> <p>Einnig taka foreldrar þátt í matinu með könnun, samvinnu eða í gegnum foreldrasamtöl.</p>
Ábyrgðaraðili	Deildastjórar og allir starfsmenn deildanna.
Viðmið um árangur	<p>Að börnin hafi skilning á hlutverki barnasáttmálans og taki virkan þátt í umræðu og vinnu í tengslum við hann.</p> <p>Læri að segja skoðun sína og hugmyndir á sama tíma og þau virða skoðanir annarra.</p>
Lykillinn að hamingju barna	
Tækifæri til umbóta	Halda áfram því góða starfi sem fór fram árið á undan, leita nýrra og spennandi leiða til þess að stækka og dýpka verkefnið og virkja foreldra til enn frekari þátttöku. Gera börnin að þátttakendum í skipulagi skólustarfsins. Bæta okkur í skráningum varðandi verkefnið og miðlun á efni til foreldra til þess að gera þau meðvitaðri um verkefnið.
Aðgerðir til umbóta	<p>Bjóða upp á fjölbreyttari verkefni svo sem flestir fái að njóta sín. Börnin fái nægan tíma til þess að þróa leikinn. Starfsmenn þurfa að vera tilbúnir að koma til móts við börnin og taka þátt í öllum verkefnum deildanna.</p> <p>Halda áfram að hlusta á hugmyndir barna og þátttöku þeirra í öllu starfinu.</p>



	<p>Sterkari samskipti við foreldra skila sér í öruggari börnum og vonandi aukinni hamingju. Halda aftur dag hamingjunnar líkt og síðasta ár sem tókst virkilega vel.</p> <p>Bjóða jafnvel upp á val með útiveru og hafa útiveruna flæðandi yfir daginn, þar sem að útivera og fataklefinn getur verið kvíðavaldandi og þvingandi fyrir sum börn.</p>
<p>Tímaáætlun</p> <p>Hvernig metið/aðferðir?</p>	<p>Allt skólaárið 2024 – 2025.</p> <p>Árangur verður metinn með reglulegum fundum meðal starfsfólks, samtölum við foreldra og börn. Fylgst með börnum á ólíkum sviðum og aðstæðum og skráningar gerðar. Rýnihópar með börnum, foreldrum, kennurum og starfsfólki til þess að hjálpast að við að leita svara við spurningunni hvað gerir okkur hamingjusöm.</p>
Ábyrgðaraðili	Deildastjórar og allir starfsmenn deildanna.
Viðmið um árangur	Fleiri bros á andlitum barna og ánægja og þátttaka meðal foreldra. Markmið sem erfitt er að mæla, en skráningar ættu að gefa góða mynd af starfinu.
Læsi	
Tækifæri til umbóta	<p>Tengja Lubba stundir við útinám.</p> <p>Efla sögugerð hjá börnunum og áhuga í samverustundum.</p> <p>Efla umhverfislæsi barnanna.</p>
Aðgerðir til umbóta	Vera með fastar Lubba stundir úti og leggja áherslu á að finna hluti í náttúrunni sem byrja á ákveðnum bókstaf. Vinna áfram með stafabingó og stafamottuna.



	<p>Halda áfram að vinna þemavinnu upp úr bókinni sem fer heim. Vinna með loðtöflu sögur og skuggaleikhús.</p> <p>Börn fá fræðslu frá Umferðarskólanum.</p> <p>Skerpum á umferðarreglunum, hvar má ganga yfir götuna, eru bílar að koma, læra að bíða, hlusta og horfa.</p>
<p>Tímaáætlun</p> <p>Hvernig metið/aðferðir?</p>	<p>Allt skólaárið 2024 – 2025.</p> <p>Árangur verður metinn með reglulegum fundum meðal starfsfólks, samtölum við börnin.</p> <p>Fylgst með börnum á ólíkum sviðum og aðstæðum og skráningar gerðar.</p>
Ábyrgðaraðili	Deildastjórar og allir starfsmenn deildanna.
Viðmið um árangur	<p>Að það sé farið í fleiri Lubba stundir úti og fleiri börn njóti sín í þeim stundum. Það sé meiri áhugi fyrir samverum. Það spretti upp hugmyndir hjá þeim sjálfum sem sögugerðarmenn og þau sýni sjálftraust til að segja sögu (hvort sem sagan sé frumsamin eða ekki) fyrir framan aðra í samveru.</p> <p>Börnin kunni umferðarreglur og þekki skiltin sem eru í hverfinu. Einnig að börnin séu meðvituð um hvað er í nærumhverfi þeirra.</p>



5.4 Merkisteinn

Hér fyrir neðan eru stuttar lýsingar á þeim þáttum sem við lögðum upp með fyrir skólaárið 2023-2024.

Læsi

Við lögðum upp með að börnin þekktu málhljóðin sín og annarra á deildinni. Það gekk mjög vel, börnin voru áhugasöm og fannst gaman að vinna með Lubba. Markmiðið var að byggja ofan á þá þekkingu sem þau fengu á yngri deildum. Þrjú málhljóð voru tekin fyrir í hverjum mánuði, bætt var við rími og búið til kort af Íslandi til að fylgjast með hvert Lubbi var að fara.

Við bættum við alls konar nýjum málörvunarverkefnum sem við unnum með börnunum, bæði í sérstakri málörvunar stundum en einnig í daglegu starfi þegar börnin sýndu áhuga á því.

Markmið okkar var að eiga í meira samstarfi við foreldra með því að þeir myndu aðstoða börnin að finna eitthvað heima sem byrjuðu á þeim málhljóðum sem við vorum að vinna með. Þátttakan var afar dræm og því datt sú hugmynd upp fyrir. Lubbi fór í helgarheimsókn til allra barna á deildinni. Þar fékk Lubbi að taka þátt í daglegu lífi þeirra og foreldrar skráðu niður í myndum og máli. Á mánudögum kom það barn upp í samveru sem hafði verið með Lubba og sagði barnahópnum frá helgarheimsókninni og sýndi þeim myndir því til stuðnings.

Lýðræði – barnasáttmálinn

Veggspjald af barnasáttmálanum var hengt upp á vegg, börnin sýndu því áhuga en myndirnar höfðu ekki nógu vel i til þeirra og erfitt var að tengja þær við hvað hver grein fjallaði um.

Við unnum með greinar 8, 12 og 13 og gekk það vel. Okkur fannst gott að taka ekki of margar greinar fyrir heldur vinna dýpra með þessar þrjár.

Samkvæmt 8. grein eiga þau rétt á persónulegu auðkenni og vita hver þau eru. Því fórum við í þá vinnu að heimsækja heimili hvers barns þar sem barnið kynnti okkur fyrir heimili sínu og hverjir búa þar. Það veitti þeim ánægju og stolt að geta vísað okkur heim til sín og sýnt hvar þau eiga heima.



12. grein fjallar um að fullorðnir eigi að taka mark á börnunum og skoðunum þeirra og 13. grein fjallar um að börn eigi rétt á að deila hugmyndum sínum. Við lögðum mikla áherslu á að hlusta á skoðanir og hugmyndir barnanna. Starfið var í stöðugri þróun til að koma til móts við þarfir barnahópsins og við skipulögðum starfið út frá áhugasviði þeirra. Frjáls sköpun var í hávegum höfð á deildinni og börnin höfðu frelsi til að fylgja eigin hugmyndum eftir.

Einnig fjallar 13. grein um tilfinningar barna og unnum við með þær á deildinni t.d. með Blæ. Einnig var rætt um tilfinningar í daglegu starfi, hvernig okkur líður, af hverju og hvað gerir okkur glöð. Við lögðum einnig áherslu á að virða tilfinningar og skoðanir annarra.

Í þessari vinnu höfum við tekið eftir því að börnin eiga auðveldara með að tjá sig um tilfinningar sínar og líðan. Þau geta sagt okkur að einhverju leyti hvernig þeim líður og af hverju. Einnig hafa þau öðlast þá færni að íhuga hvernig öðrum líður.

Hver er er lykillinn að hamingju barna?

Hamingjuverkefnið tengist að miklu leyti grein 13 í barnasáttmálanum. Við ræddum við börnin um hamingju og gleði og höfum tekið eftir að skilningur þeirra hefur dýpkað. Við spurðum þau hvað gerir þau glöð og hvers vegna og skrifuðum það niður. Einnig spurðum við þau hvernig þeim líði og hvers vegna. Við bjuggum til hamingjutré þar sem við hengdum upp hvað börnin sögðu og á afmæli leikskólans spurðum við foreldra sömu spurningar og settum svör þeirra einnig upp á tréð.

Við lásum bókina „Saga um þakklæti“ og fórum í þakklætisleik þar sem börnin sögðu okkur hvað þau væru þakklát fyrir. Við skrifuðum það niður á epli sem börnin máluðu og hengdum þau upp á tréð.

Umbótaáætlun 2024-2025

Sköpun	
Tækifæri til umbóta	Hafa frjálsa sköpun sem rauðan þráð í gegnum allt starfið.



Aðgerðir til umbóta	Kynna börnin fyrir ólíkum efnivið. Leggja meiri áherslu á ferlið heldur en útkomuna. Kennarar og starfsfólk séu meðvituð um að sköpunin er á forsendum hvers barns og það er engin fyrir fram ákveðin útkoma. Skrá niður ferlið með myndum og texta.
Tímaáætlun og hvernig er metið	Október 2024 til maí 2025. Með myndaskráningum.
Ábyrgðaraðili	Allir starfsmenn
Viðmið um árangur	Skráningar og myndir. Að börnin séu óhrædd við að skapa á sínum forsendum og velja ólíkan efnivið. Að börnin njóti þess að skapa.
Hver er lykillinn að hamingju barna?	
Tækifæri til umbóta	Kynna börnin fyrir tilfinningum.
Aðgerðir til umbóta	Hafa skipulagðar stundir með Blæ. Nýta myndirnar úr Blæ og tónlistina. Hengja myndirnar úr verkefninu upp á vegg svo börnin sjái þær og tengi við þær. Það getur skapað umræður milli barna, kennara og starfsfólks
Tímaáætlun og hvernig er metið	Október 2024 til maí 2025. Hlusta eftir samræðum barna og með skráningum.
Ábyrgðaraðili	Allir starfsmenn
Viðmið um árangur	Eru þau að nota orð um tilfinningar og setja mörk?
Málörvun	
Tækifæri til umbóta	Nýta Lubba og Gefðu 10.
Aðgerðir til umbóta	Skipulagðar Lubba-stundir og leggja inn máhljóðin. Hafa skráningarblað fyrir Gefðu 10 svo það sé auðveldara að fylgjast með og enginn gleymist.
Tímaáætlun og hvernig er metið	Október 2024 til maí 2025. Metið með skráningum og hæfnirömmum.



Ábyrgðaraðili	Allir starfsmenn
Viðmið um árangur	Eru börnin að tileinka sér málhljóðin og eflast í orðaforða.



5.5 Lækjarhvammur

Mat á umbótarþáttum fyrir árið 2023-2024

Hver er lykillinn að hamingju barna?

Við lögðum spurningar fyrir börnin um ýmsa þætti í daglegu lífi þeirra t.d. hvað væri gaman að gera heima, hver væri uppáhalds liturinn þeirra, uppáhaldslagið, hvað væri gaman að gera í leikskólanum. Við sendum spurningalista til foreldra og fengum svör frá foreldrum 9 barna af 19.

Svör barnanna voru fjölbreytt, en að leika með mömmu og pabba og að leika við vini sína í leikskólanum voru algeng svör að væri skemmtilegast. Við leggjum mikla áherslu á sjálfsprottinn leik í leikskólanum og það hefur skilað sér í góðum samleik, sérstaklega hjá elstu börnunum.

Í umbótaáætluninni ætluðum við að leggja spurningar fyrir börnin bæði í upphafi og við lok skólaárs en þar sem vinnan var tímafrek ákváðum við að láta nægja að spyrja einu sinni. Halda áfram að leggja áherslu á sjálfsprottinn leik og að börnin hafi aðgang að fjölbreyttum efniviði til að leika með.



Barnasáttmálinn – Lýðræði

Við völdum að vinna með greinar 12 og 29.

Við höfum hvatt börnin til að tjá sig, segja skoðanir sínar og hlusta á aðra. Þau hafa val um leikefni og í samveru velja þau sönglög. Börnin fara á milli leiksvæða þegar hægt er. Við höfum kynnt barnasáttmálann fyrir þeim og hafa börnin verið áhugasöm og forvitin um réttindi barna. Við gerðum veggspjald með ljósmyndum af börnunum í leik og starfi og tengdum við barnasáttmálann. Í menningunni kynnumst við þjóðernum barnanna á deildinni og allir fá tækifæri til að vera stoltir af barkrunni sínum og menningu.

Börnin hafa sterkar skoðanir á ýmsu og spyrja margs, við hlustum á þau og ræðum málin. Við erum alltaf að leita fjölbreyttra leiða til að auka þátttöku barnanna í starfinu.

Læsi

Við vinnum með „Lubbi finnur málbein“. Börnin læra fyrsta máhljóðið í nafninu sínu. Við erum með lestrarstundir, söngstundir og börnin læra kvæði og þulur. Við hvetjum börnin til að nota orðin sín, tjá tilfinningar sínar, tala saman í leiknum og finna málamiðlanir þegar upp kemur ágreiningur.

Elstu börnin voru fljót að læra sitt máhljóð og hinna barnanna einnig.

Umbótaáætlun 2024-2025

Hamingja barna og barnasáttmálinn	
Tækifæri til umbóta	Halda áfram að vinna með hamingju barna, skoða barnahópinn hverju sinni og finna út hvað þeim finnst gaman að gera. Kynna barnasáttmálann fyrir börnunum. og kenna þeim að þekkja réttindi sín og virða réttindi annarra.



Aðgerðir til umbóta	Halda áfram að gera sjálfsprottnum leik hátt undir höfði. Að börnin þekki réttindi sín.
Tímaáætlun og hvernig er metið	September 2024 – maí 2025 Spyrja börnin hvað þeim finnst skemmtilegt að gera og skrá hjá okkur.
Ábyrgðaraðili	Starfsmenn deildarinnar.
Viðmið um árangur	Að börnin velti fyrir sér og skilji hvað gleði þau. Að börnin skilji hvað barnasáttmálinn fjallar um.
Læsi	
Tækifæri til umbóta	Vera áfram með fastar Lubba-stundir
Aðgerðir til umbóta	Að börnin læri fyrsta máhljóðið í nafninu sínu og hinna barnanna. Byggja ofan á það sem þau lærðu á síðasta ári og aðlaga efnið að barnahópnum þar sem ný börn koma á deildina. Aðstoða börnin að tjá skoðanir sínar og tilfinningar. Hafa lestrarstundir og skipta börnunum í hópa eftir getu og skilningi.
Tímaáætlun og hvernig er metið	September 2024 – maí 2025. Fylgjast með að allir séu að læra máhljóðin með skráningum.
Ábyrgðaraðili	Starfsmenn deildarinnar.
Viðmið um árangur	Að börnin hafi lært sitt máhljóð og geti tjáð skoðanir sínar og tilfinningar
Sköpun	
Tækifæri til umbóta	Að börnin öðlist færni í að tjá sig gegnum margvíslegan efnivið og upplifi gleði yfir eigin sköpunarkrafti.
Aðgerðir til umbóta	Þjóða börnunum uppá margvíslegan efnivið t.d. leir, skæri, lím og margskonar málningu.



	Nota verðlausan efnivið og fara út í garð og tína haustlauf o.fl. Einnig tjáning í gegnum búninga í sjálfsprottum leik og dansi.
Tímaáætlun og hvernig er metið	September 2024 – 2025. Metið með myndaskráningum.
Ábyrgðaraðili	Starfsmenn deildarinnar.
Viðmið um árangur	Að börnin velji ekki alltaf sama efnivið og geti tjáð sig gegnum fjölbreyttan efnivið.



6 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

EFI-2

Hafist var handa að innleiðingu EFI-2 haustið 2023. Lagt var upp með að leggja EFI-2 fyrir öll börn 3;4 ára og aftur 3;8 ára. Gerður var listi yfir öll börn fædd 2020-2021 og reiknað út í hvaða mánuði þau yrðu 3;4 ára og athugun var gerð þá. Þetta skipulag gekk mjög vel fyrir sig og auðveldaði utan umhald og dreifingu álags. Ákveðið var að taka ekki skimunina aftur nema ef niðurstöður úr fyrri skimun voru slakar. Ef niðurstöður komu slakar út voru foreldrum kynntar niðurstöður og þær síðan ræddar á lausnarteymisfundi. Út frá þeim samtölum var gerð aðgerðaáætlun og athugun var endurtekin þegar börnin höfðu náð 3;8 ára aldri. Eftir seinni skimun var foreldrum kynntar niðurstöður. Ef niðurstöður voru enn slakar í seinni skimun voru þær teknar aftur upp á lausnarteymisfundi og gerð ný aðgerðaráætlun.

Markmiðið með innleiðingu EFI-2 er að finna börn með frávik í málþroska og veita þeim snemmtæka íhlutun sem og sértækari aðstoð ef þess gerist þörf.

<p>Skipulagning sérkennslu</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Einstaklingsáætlun var gerð fyrir öll börn sem fengu skipulagða sérkennslu sem var kynnt fyrir foreldrum, undirrituð og send til ráðgjafa á Norðurmíðstöð.</p> <p>Lögð var áhersla á að börnin væru virkir þátttakendur í leikskólastarfinu og fengju stuðning innan barnahópsins en einnig fengju þau einstaklingskennslu ef þörf var á.</p> <p>Öllu starfsfólki voru kynntar áherslur einstaklingsnámskráa og starfið á deildum þannig aðlagð að þörfum barnanna eða tekið tillit til sérþarfa.</p> <p>Teymisfundir voru haldnir á 6-8 vikna fresti en í sumum tilfellum einu sinni á önn, fór eftir þörfum barns og teymis.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>EFI-2 , HLJÓM-2, AEPS, TRAS, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Orðaskil, Íslenski máhljóðamælirinn</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Ípadar og öpp tengd honum t.d. Lærum og leikum með hljóðin. WidgetOnline.</p> <p>Bækur t.d. Ljáðu mér eyra, Markviss málörvun, Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi finnur málbein, Orðagull, Smábarnabækurnar o.fl.</p> <p>Fjölbreytt spil</p> <p>Ýmis námsefni frá Super duper puplication</p> <p>Æfingablöð frá talmeinafræðingum</p> <p>ABA materials myndir</p> <p>Margskonar heimatilbúið námsefni</p> <p>Peltor</p> <p>Tákn með tali</p>



	Widget online
--	---------------

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Tækifæri til umbóta	Teymisfundir með sérkennslufólki.
Aðgerðir til umbóta	Haldnir verði mánaðarlegir teymisfundir með starfsfólki sem sinnir sérkennslu.
Tímaáætlun og hvernig er metið	Byrjar haust 2024 og lýkur vor 2025. Gerðar verða fundagerðir eftir hvern fund. Starfsfólk verður spurt í lok skólaárs hvernig því hafi fundist þetta fyrirkomulag og beðið um álit.
Ábyrgðaraðili	Sérkennslustjóri
Viðmið um árangur	Starfsfólk sem sinnir sérkennslu fær aukna fræðslu, fær rými til að miðla reynslu og fara yfir hvað betur megi fara.
Tækifæri til umbóta	Spilaveggur.
Aðgerðir til umbóta	Gera spil leikskólans aðgengileg öllu starfsfólki.
Tímaáætlun og hvernig er metið	Markmiðið er að ná að ganga frá tveimur spilum í mánuði í þar til gerða poka
Ábyrgðaraðili	Sérkennslustjóri.
Viðmið um árangur	Haust 2025 verði að lámarki búið að ganga frá 24 spilum í poka.
Tækifæri til umbóta	Snemmtæk íhlutun
Aðgerðir til umbóta	Ráðinn hefur verið inn starfsmaður í 90% stöðu til að sinna stuðningi við börn sem þurfa á snemmtækri íhlutun að halda. Að hausti fundar sérkennslustjóri með deildarstjórum og kortleggur þörfina á hverri



	deild fyrir sig. Að því loknu verður útbúin áætlun með þeim starfsmanni sem sinnir starfinu.
Tímaáætlun og hvernig er metið	Haust 2024 til vor 2025
Ábyrgðaraðili	Sérkennslustjóri.
Viðmið um árangur	Notast verður við AEPS lista til viðmiðunar um árangur

7 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Starfsmaður í 30% starfi ásamt kennurum á deildum hafa séð um kennslu tvítyngdra barna þar sem þeim er getuskipt í litla hópa. Einnig hefur talmeinafræðingur frá Norðurmiðstöð verið innan handar.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Kennarar eru meðvitaðri um Gefðu 10. Og mikilvægi þess. Í vinnustundum/tvítyngishópum eru lesnar einfaldar bækur og rætt um þær, leikið með orð úr grunnorðaforða með því að klappa atkvæði, fara í samstæðuspil og fleira.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Leitast er við að dýpka orðaforða barnanna til dæmis þegar unnið er með sagnaspjöld. Barnið nefnir sögnina og kennari bætir við. Dæmi: Barnið dregur mynd af sögninni borða, segir borða og kennari segir já, hann/hún/þau eru að borða brauð með osti.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í</i>	Einstaklingsáætlanir hafa verið gerðar ef grunur hefur vaknað um tungumálaerfiðleika. EFI-2 hefur þá verið notað til þess að fá mynd af erfiðleikum barnsins, þótt það próf sé staðlað



leikskóla, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	fyrir íslensk börn, ef barn hefur náð réttum aldri. Proskastaða barnsins er svo metin með AEPS og einstaklingsáætlun gerð í kjölfarið út frá þeim lista. Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla, TRAS, HLJÓM-2
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Hugað er að öllum þáttum tungumálsins í vinnu deildanna. Til dæmis er unnið með orð sem tengjast tilfinningum, styrkleikum og löngunum í Blæ verkefninu. Í samverustundum er lögð áhersla á tjáningu og frásögn. Stuðst er við myndrænt skipulag til þess að auka skilning og efla tvítyngd börn og börn með frávik í málþroska.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025

Tækifæri til umbóta	Nota gefðu 10 á markvissari hátt.
Aðgerðir til umbóta	Skráningarblöð fyrir gefðu 10.
Tímaáætlun og hvernig er metið	Haust 2024 – vor 2025
Ábyrgðaraðili	Deildarstjórar og allt starfsfólk.
Viðmið um árangur	Að markvisst sé verið að skrá.

8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Breyting var á starfsþróunarsamtölum frá síðasta ári í staðinn fyrir eitt að vori, voru tekin fjögur yfir árið þar sem m. a. starfsþróun og óskir starfsmanna þar af lútandi voru rædd. Niðurstöður benda til að starfsmönnum finnist að Torgið auðveldi þeim að sækja fræðslu. Óskir starfsmanna um starfsþróun eru fjölbreyttar eins og að læra meira um fjöltyngi, yngstu börn í leikskólanum, skapandi starf, félagsfærni, Tákn með tali, ADHD, tækni og vísindi og málörvun.

Einnig komu starfsmenn inn á mikilvægi þess að hafa góða leiðbeinendur sem hjálpa starfsmanni að vaxa í starfi gegnum faglegar umræður og ígrunda með öðrum.



Námskeið og fyrirlestrar veturinn 2023-2024

Námskeið/fyrirlestrar	Haldið af	Pátttakendur
Aðstoð túlka í skóla- og frístundastarfi	Torgið	Sérkennslustjóri
Deildarstjóranámskeið	Skóla- og frístundasvið	Deildarstjórar
Einhverfa - grunnnámskeið	Torgið	Sérkennari og sérkennslustjóri
Einingakubbar í flæði	Rauðhóll	Fjórir kennarar
Farsæld barna, viðbótardiplóma	Félagsvísindasvið, HÍ	Leikskólaleiðbeinandi
Farsældarskólinn - framhaldsnámskeið	BOFS	Sérkennslustjóri
Farsældarskólinn - grunnnámskeið	BOFS	Sérkennslustjóri
Fjölmennung og fjöltyngi	Menntavísindasvið HÍ	Deildarstjóri
Fræðsla fyrir tengiliði um skráningu	BOFS	Sérkennslustjóri
Fyrirlestur um námsferð til RE	Aðstoðarleikskólastjóri	Allir starfsmenn
Gleði, hamingja og bjartsýni	Seth Sharp	Allir starfsmenn
Hæfniramar í íslensku	Torgið	Aðstoðarleikskólastjóri
Innra mat í skóla- og frístundastarfi	Torgið	Aðstoðarleikskólastjóri
Jákvæður agi	Jákvæður agi á Íslandi	Leikskólasérkennari
Kvíði barna á einhverfurófi	RGR	Leikskólasérkennari
Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna 2-6 ára	BOFS	Allir starfsmenn
Lærdómssamfélag sérkennslustjóra	Skóla- og frístundasvið	Sérkennslustjóri
Málþing – Málproskaröskun DLD og skólaumhverfi	Félag talmeinafræðinga	Leikskólasérkennari
Menntun allra og sérkennslufræði, M.ed.	Menntavísindasvið, HÍ	Háskólamenntaður starfsmaður með B.Ed. í leikskólakennarafræðum



Menntun án aðgreiningar, MT.	Menntavísindasvið, HÍ	Leikskólakennari
MIO námskeið í stærðfræðiskimun í leikskólum	HÍ	Deildarstjóri
Námsferð til Reggio Emilia	LEAP	Aðstoðarleikskólastjóri
Nýliðafræðsla	Norðurmiðstöð	Fjórir starfsmenn
PMTO	PMTO samtökin	Deildarstjóri
Ráðstefna - Farsæld barna	Félag sérkennara	Sérkennslustjóri
Ráðstefna - Ávinningur aukinnar farsældar barna á Íslandi	Skóla- og frístundasvið	Sérkennslustjóri, leik- og aðstoðarleikskólastjóri
Ráðstefna - Fjölyngdar fjölskyldur og skólastarf	Menntavísindasvið, HÍ	Sérkennslustjóri
Sálfræði, BS.	Sálfræðideild, HA	Háskólamenntaður starfsmaður
Skilvirk tímastjórnun fyrir stjórnendur	Torgið	Aðstoðarleikskólastjóri
Skipulögð kennsla – TEACCH	RGR	Leikskólasérkennari og sérkennslustjóri
Stjórnendadagur Reykjavíkurborgar	Skóla- og frístundasvið	Leik- og aðstoðarleikskólastjóri
Stjórnendanámskeið	Saga story house	Aðstoðarskólastjóri
Trans börn	Torgið	Sérkennslustjóri
Trúnaðarmannanámskeið	KÍ	Leikskólakennari
Vorráðstefna Ráðgjafar- og greiningarstöð	RGR	Sérkennslustjóri
Widget Online	Mixtúra	Tveir sérkennarar, einn starfsmaður og sérkennslustjóri
Öryggistrúnaðarmannanámskeið	Torgið	Aðstoðarleikskólastjóri
Forystunám	SFS	leikskólastjóri

Starfsmenn tóku einnig fjölbreytt námskeið og fyrirlestra á Torginu, Mixturu og á starfsdaginn 17. maí.



9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samvinna við Álftamýrarskóla hefur eflst ár frá ári og er orðin fastur liður í starfi skólans. Endurmat fór fram í vor. Við gerð starfsáætlunar vetrarins milli skólastiga var notast við áætlun síðasta árs. Aðstoðarskólastjóri Álftamýrarskóla og deildarstjóri á elstu deild funduðu í ágúst. Heimsóknirnar byrjuðu í október. Þá fengu börnin að skoða allan skólann í fylgd aðstoðarskólastjóra og taka þátt í íþróttatíma með 1. bekk. Á degi íslenskrar tungu komu nemendur úr 5. bekk í leikskólann og lásu fyrir börnin. Þetta er árleg hefð og hefur reynst vel. Á aðventunni var leikskólabörnunum boðið á aðventuhátíð í Álftamýrarskóla þar sem þau fengu grillaðar pylsur, heitt kakó og smákökur. Nemendur 1. bekkjar komu svo í leikskólann og skiptust börnin á jólakortum, sungu saman og síðan var boðið upp á mandarínur. Í janúar var foreldrum elstu barna boðið á fund í Álftamýrarskóla með fulltrúum frá Víkingi, Álftabæ og Álftamýrarskóla. Foreldrar fengu upplýsingar og höfðu tækifæri til að spyrja spurninga, varðandi frístund, skólann og hvað Víkingur hefur að bjóða sex ára börnum. Börnin fóru einnig í janúar og mars í val með 1. bekk. Í apríl fóru þau í hádegismat í Álftamýrarskóla. Í maí komu kennarar saman og endurmatu samstarfið með kennurum frá Múlaborg. Dagskrá næsta skólaárs verður unnin í haust en verður með svipuðu sniði og verið hefur. Elstu börnin fóru í Víking á miðvikudögum í vetur þar sem þjálfarar frá þeim skipulögðu hreyfistundir alveg frábær samvinna. Þess má einnig geta að Víkingur lánar okkur hátíðarsalinn á ári hverju þegar útskrift er hjá elstu börnum okkar.

10 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði eru þrír fulltrúar. Þeir voru valdir á foreldrafundi að hausti. Aðstoðarleikskólastjóri skipulagði fyrsta fund á haustdögum þar sem farið var í gegnum verkefni vetrarins og í júní var fundur þar sem nýja námskráin var rædd. Foreldraráðið fær starfsáætlun og skólanámskrá til umsagnar. Einnig kemur það að ákvarðanatöku um sumarlokun og að fagstarfi leikskólans.

Á hverju ári eru í boði tvö foreldrasamtöl í október og febrúar/mars. Í samtölunum er farið yfir alhliða þroska og líðan barnsins, ásamt því að skiptast á upplýsingum um barnið. Foreldrar nýrra barna eru boðaðir í samtál áður en vistun hefst í maí/júní. Boðið er upp á fleiri samtöl ef foreldrar óska þess.



Átta foreldrar sitja í stjórn foreldrafélagsins ásamt fulltrúa starfsfólks. Stjórnin sér um ýmsar uppákomur, svo sem sumarhátíð, jólaball, leiksýningar og fleira. Stjórnarfundir eru fimm til sex á ári.

Foreldrafundur var í október inni á deildum. Leik- og aðstoðarleikskólastjóri fóru á milli deilda og kynntu áherslur leikskólans. Síðan kynnti starfsfólk deilda vetrarstarfið og foreldrum var gefinn kostur á að ræða um leikskólastarfið eða annað sem þeim lá á hjarta.

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Næstkomandi skólaár eru fjórir skipulagsdagar að höfðu samráði við Háaleitisskóla. Dagarnir eru 20. september, 20. janúar, 25. apríl og 14. maí. Aðrir starfsdagar verða 29. nóvember og 28. febrúar.

12 Fylgiskjöl.

12.1 10.1 Umsögn foreldraráðs

12.2 10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025



Álftaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Silja Rán Guðmundsdóttir

Heiðar Smith

Hulda Ásgeirsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð



áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:







Umsögn foreldraráðs sumar 2024

- Gott að það eigi að nýta fjölbreyttari leiðir til náms svo að öll börn geti látið ljós sitt skína og nýtt sína styrkleika., sbr. Að flétta saman útikennslu og Lubbastundum. Einnig að börnin komi sjálf með hugmyndir og ýti þannig undir lýðræðislega hugsun, þau hafi þá meiri stjórn á eigin námi. Gott að allir fái að tjá skoðanir sínar og séu virkir þátttakendur í starfinu og eigin námi.
 - Jákvætt að sköpun sé tengd við alla þætti starfsins.
 - Okkur líst vel á að það skuli vera markviss samvinna á milli deilda.
 - Gott að kynna ólíkan efnivið fyrir börnunum og leggja meiri áherslu á ferlið heldur en útkomuna.
 - Jákvætt að frjálsi og sjálfssprotni leikurinn fái sitt pláss því börnin læra í gegnum leikinn.
 - Samveru og lestrarstundir – gott að skipta börnunum í hópa eftir getu og skilningi svo að allir fái efni við hæfi.
-
- Stöðugleiki í starfsmannahópi og góður mórall mjög jákvæður og skilar sér inn í starfið. Mjög gaman að heyra að leikskólinn hafi hlotið viðurkenninguna Fyrirmyndarstofnun ársins.
-
- Foreldraráð er ánægt með metnaðarfullt og fjölbreytt starf sem fer fram í Álftaborg.

Matsáætlun fyrir 2024-2025

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Innleiða örsamtöl 4. á ári.	Samtöl verða dýpri um starfið, hugmyndir starfsmanna og líðan þeirra.	Samantekt úr örsamtölum. Gátlistar til að kanna stöðuna reglulega.	2024/2025	Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri
Leikskólaþróun og starfsþróun	Auka faglega þekkingu kennara og annarra starfsmanna.	Aðgengileg og allir stefni í sömu átt.	Samræður og regluleg námskeið liður í endurmenntun.	2024-2025	Stjórnendur/matsteymi
Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu og upplýsinga miðlun	Auka þátttöku foreldra.	Að foreldrar finni að þeir séu velkomnir og mikilvægir í leikskólastarfinu. Að foreldrar hafi meiri áhuga á að taka þátt í starfinu.	Gátlistar. Fundir með foreldrum. (kaffihúsa)	2024-2025	Allir stjórnendur/matsteymi
Skipulag náms, námsaðstæður og námsvið leikskólans	Auka velferð og nám barna.	Bætt dagsskipulag og námsumhverfi og dagsskipulag styðji við þroska og nám barna.	Samræður, gátlistar og rýnihópar barna.	2024-2025	Matsteymi/deildarstjórar

Leikskólinn Álftaborg

Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyðringum ? Merkið við hversu vel þær eiga við skalann 1-5 þar sem 1 er minnst og 5 hæst.

Hversu ánægur/ánægð ertu með kaffistofuna?

1 2 3 4 5

Þegar á heildina er lítið er vinnustaðurinn traustur?

1 2 3 4 5

I

Næsti yfirmaður er sanngjarn?

1 2 3 4 5

al

Ég get mælt með vinnustaðnum við vini?

1 2 3 4 5

Er barnið þitt/ykkar ánægt í leikskólanum?

- () Já
- () Nei
- () ég veit ekki

Ef nei hvað álitur þú/þið að valdi því?

Hvernig getur leikskólinn komið betur á móts við þarfir barnsins þíns/ykkar?

Hvað finnst þér/ykkur mikilvægt að kenna börnunum á Lækjarhvammi?

Til dæmis: jákvætt viðhorf , tilfinningalæsi, daglegar venjur o.s.frv.

Veljið 5 þætti þar sem 1 hefur mest vægi.

Telji þið að barnið ykkar þroskist vel í umhverfi sem er;

- [] traust og öruggt.
- [] hugað er vel að heilbrigði bæði líkamlegu og andlegu.
- [] hvetjandi og ýtir undir sjálfstraust og sjálfsálit.
- [] lýðræðislegt þar sem hlustað er á raddir barnanna og þau séu með í að taka ákvarðanir um daglegt líf í leikskólanum.
- [] leggur áherslu á að barnið læri að axla ábyrgð sem hæfir þroska þeirra og aldri.
- [] fjölskylduvænt og byggir upp sterk og jákvæð tengsl við fjölskyldumeðlimi og vini.

Ertu meðvituð/aður um öll þau réttindi sem barnið þitt hefur samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna? <https://www.barnasattmali.is/>

- () já, ég er vel upplýst/ur um réttindi barna.
- () Nei, en ég hef heyrt um hann og vil vita meira.
- () Nei, ég hef aldrei heyrt um hann.

Hvernig er hægt efla hamingju barna?

Veldu það sem þú vilt að við leggjum mestu áherslu á. Veldu 5 atriði þar sem 1 hefur mest vægi

- [] Hjálpa barninu að takast á við streitu, með því að styðja þau, lesa bækur fyrir þau og veita þeim athygli og þolinmæði.
- [] Gefa barninu verkfæri til þróa með sér sjálfstjórn.
- [] Hrósa og styðja barnið í átt að jákvæðni og bjartsýni.
- [] Hvetja og hjálpa börnunum að skapa djúp tengsl við fjölskyldumeðlimi og vini.
- [] Leiða þau í átt að hamingju og þakklæti.
- [] Hjálpa barninu að skilja og sætta sig við allar tilfinningar.
- [] Að barnið upplifi hvernig er að hjálpa öðrum.